

Samþykktir fyrir Öryggishóp Skýrslutæknifélags Íslands

1. gr.

Öryggishópur Skýrslutæknifélags Íslands er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa.

2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- Að stuðla að bættu öryggi og öryggisvitund í fjarskipta- og upplýsingatækni.
- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um öryggismál og efla tengsl milli þeirra sem starfa á sviðinu og hafa áhuga á því.
- Að stuðla að góðu siðferði í tengslum við upplýsingaöryggi.
- Að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um öryggismál.
- Að vera öðrum samtökum og faghópum innan handar við að auka öryggisvitund.
- Að koma með tillögur til stjórnar Skýrslutæknifélagsins um stefnumörkun þess á sviði upplýsingaöryggis og vera málsvari þess um öryggistengd mál.
- Að vinna með fulltrúa félagsins í fjarskiptaráði í tengslum við öryggismál.

3. gr.

Ársfundur faghópsins skal haldinn sem hluti af aðalfundi Ský. Þar skal stjórn kynna skýrslu sína fyrir líðandi starfsár, afgreiða skal þær tillögur að breytingum á samþykktum sem hafa borist með minnst viku fyrirvara og fram skal fara stjórnarkjör, auk afgreiðsla annarra mála. Stjórnin er kosin í einu lagi til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum SKÝ um faghópa vera félagar í Skýrslutæknifélagi Íslands og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í öryggishóp. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað hverju sinni með tiltækum ráðum.

5. gr.

Framlag hvers og eins félaga til framfylgdar markmiðum félagsins fer eftir vilja og getu, en hvatningu stjórnar um vinnuframlag í þágu markmiða hópsins skal tekið með jákvæðu hugarfari.

Breytt á aðalfundi Öryggishóps 20. mars 2013.